

Fyrirspurn um þéttingarmöguleika við Brálund

- Rökstuðningur -

Undirrituð, ásamt sambýlismanni, hafa áhuga á að taka þátt í þéttingu byggðar og byggja vistvænt einbýlishús í rótgrónu hverfi á Akureyri og leggja hér fram fyrirspurn um þéttingarmöguleika við Brálund.

Brálundur er gata í Lundarhverfi sem áður var skilgreind sem safngata í Aðalskipulagi Akureyrar. Áður var einnig gert ráð fyrir tengingu Lundarhverfis við Miðhúsabraut um Brálund, en sú breyting á aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018 var felld úr gildi með úrskurði þann 3. desember 2012. Ekki er að sjá að breytingin hafi aftur verið sett inn í aðalskipulag Akureyrar 2018 - 2030.

Tvö einbýlishús standa við götuna, Brálundur 1 og 2, og tilheyrir svæðið sem undirrituð hefur áhuga á, íbúðahverfi (sjá rauðan punkt á korti hér fyrir neðan) þótt það sé við mörk opins svæðis sem jafnan kallast „Jólasveinabrekkan“. Frá Brálundi er stutt í leik- og grunnskóla, stutt á róluvöll og á áður nefnt opið útivistarsvæði og í verslun og þjónustu. Þá er svæðið nokkuð miðsvæðis og ferðatími til atvinnusvæðis því nokkuð stuttur. Miðað við markmið um þéttingu byggðar sem fjallað er um í aðalskipulagi Akureyrar 2018 - 2030 telur undirrituð Brálund því fýsilegt svæði til uppbyggingar og þéttingar byggðar.


Í formála aðalskipulags Akureyrar 2018 - 2030 er fjallað um breyttar áherslur í skipulagsmálum í dag með aukinni áherslu á betri nýtingu lands. Þá er talað um mikilvægi þess að sem flestir fái tækifæri til að koma að og hafa áhrif á mótun skipulagsins. Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á þéttingu íbúðarbyggðar með það að markmiði að bæta bæjarmynd og búsetuumhverfi og gefa kost á fjölbreyttum búsetukostum. Þá eru sett fram markmið um byggð í kafla 1.3.1. og er eitt markmiðanna að þétta núverandi byggð þar sem við á, m.a. með endurskipulagningu vannýtttra svæða. Áherslu markmiðisins er lýst þannig: „*Stefnt skal að því að sem flestir geti stundað atvinnu og iðju sína innan göngu- eða hjólréiðafjarlægðar. Lögð skal áhersla á þau verðmæti sem felast í því að stór hluti þéttbýlisins er í göngufjarlægð frá miðbænum. Fullnýta skal byggingarmöguleika á þeim svæðum áður en uppbygging hefst á svæðum sem lengra eru í burtu. Við endurskipulagningu byggðar skal leita að kostum til þéttingar byggðar og stuðlað að endurnýtingu vannýtttra lóða og svæða með starfsemi sem lokið hefur sínu hlutverki. Mikilvægt er að allar lóðir innan þéttbýlis í bæjarlandinu fái skilgreint hlutverk þó svo að ekki eigi að byggja á þeim*“. Framkvæmd markmiðisins er m.a. lýst þannig: „*Stytttri vegalengdir milli íbúðar- og atvinnusvæða fást með þéttleika og góðu skipulagi leiða. Því skal hafa landnýtingu góða og stefnt að því að bærinn breiði ekki óþarflega úr sér...*“

Í kafla 1.7 er svo fjallað um valkosti um byggðarþróun þar sem rætt er um þrjá aðalvalkosti fyrir framtíðarþróun byggðarinnar; til suðurs, til norðurs og þétting núverandi byggðar. Í kaflanum segir

að besti kosturinn sé þétting byggðar þar sem sá kostur nýtir best þá grunngerð sem fyrir er og stuðli að styttri vegalengdum milli íbúða og atvinnu og þjónustu.

Þann 22. september síðastliðinn gerði bæjarstjórn Akureyrarbæjar með sér samstarfssáttmála um aðgerðir til að rétta af hallarekstur bæjarins. Í sáttmálanum er markmið um að snúa vörn í sókn og gera rekstur Akureyrarbæjar fjárhagslega sjálfbæran. Þá er farið yfir ýmis atriði til að draga úr kostnaði við reksturinn og auka tekjur. Í greininni „Blásur til sóknar á íbúða- og atvinnumarkaði“ í sáttmálanum er það markmið bæjarstjórnar að sjá til þess að í boði verði ákjósanlegar lóðir fyrir íbúða- og atvinnusvæði.

Undirrituð telur sölu vannýtta byggingarlóða eins og við Brálund vera fýsilegan kost til að auka tekjur sveitarfélagsins og auka úrval á byggingalóðum fyrir þann hóp íbúa sem kys að búa miðsvæðis í einbýli.



Skjáskot úr Aðalskipulagi Akureyrar 2018 - 2030. Rauði punkturinn táknar svæðið sem spurt er um.

Karen Sigurbjörnsdóttir
kt. 140693-3169

Heimildir

Héraðsdómur Reykjavíkur. Dómur 3. desember 2012.

Aðalskipulag Akureyrar 2018 - 2030

Samstarfssáttmáli bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. 22. september 2020